

## **Kosteski gegn Fyrrum jógóslavneska lýðveldinu Makedóníu**

**Dómur frá 13. apríl 2006**

**Mál nr. 55170/00**

**9. gr. Trúfrelsi**

***Helgidagar. Agaviðurlög.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Vasko Koteski (f. 1961), er makedónskur ríkisborgari. Hann býr í Bitola í Makedóníu.

Kærandi starfar hjá rafveitufyrirtæki í Makedóníu í opinberri eigu. Hinn 29. janúar 1998 mætti hann ekki til vinnu, þrátt fyrir að fyrirmæli hefðu verið gefin um að starfsmenn gætu ekki tekið sér frídag þá vikuna vegna mikilla anna í fyrirtækinu. Kærandi útskýrði fjarveru sína með því að hann hefði verið að fagna múslímskri trúarhátíð og hefði til þess stjórnarskrárvarinn rétt. Aganefnd rafveitunnar ákvað að sekta hann á grundvelli agareglna og draga frá 15% launa hans næstu þrjá mánuði. Hinn 7. apríl sama ár mætti kærandi ekki heldur til vinnu án þess að hafa til þess leyfi, í þetta sinn til að fagna Bayram, múslímskri trúarhátíð. Aganefnd rafveitunnar sektaði hann þá um 15% launa hans næstu 6 mánuði. Kærandi taldi brotið á réttindum sínum og leitaði stjórnsýslulegra úrræða í máli sínu og síðar til dómstóla.

Dómstóll vísaði frá kröfu hans þar sem hann gat ekki sannað að hann væri íslamstrúar. Áfrýjunardómstóll endurskoðaði frávísunarákvörðunina. Vegna réttarfarslegra atriða skoðaði hann aðeins sektarálögur vegna seinni fjarvistar kæranda. Í niðurstöðu sinni tók dómstóllinn fram að krafa um að kærandi sannaði hvernig trúar hann væri samrýmdist lögmætisreglu, enda væru til hlutlægir mælikvarðar til þess að ákvarða hvort að borgari væri íslamstrúar eða ekki og nauðsynlegt að nýta hlutlæga mælikvarða þegar kveða skyldi á um tiltekin réttindi. Þar sem kærandi færði ekki sönnur á að hann uppfyllti þessi hlutlægu skilyrði varð það niðurstaða dómsins að ekki hefði verið brotið í bága við jafnræði á grundvelli trúarbragða.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi hélt því fram að með því að sekta hann fyrir að mæta ekki til vinnu hefði verið brotið á trúfrelsi hans samkvæmt 9. gr. sáttmálans og að með mismunun á grundvelli trúarbragða hefði verið brotið á réttindum hans samkvæmt 14. gr. og 9. gr.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn tók fram að 9. gr. sáttmálans verndaði ýmiss konar birtingarmyndir trúariðkunar, bæði í samfélagi við aðra og í einrúmi, en tæki hins vegar ekki til allra athafna sem tengdust trúarbrögðum. Dómstóllinn taldi ekki víst að þátttaka í trúarhátíð væri trúariðkun í skilningi 9. gr. né heldur að viðurlögin sem kæranda var gert að sæta vegna brots á vinnusamningi brytu í bága við trúfrelsi hans. Ennfremur taldi dómstóllinn ekki ósanngjarnt að vinnuveitandi teldi fjarvistir frá vinnu án leyfis varða agaviðurlögum. Tekið var fram að þegar starfsmaður bæri fyrir sig tiltekna undanþágureglu, væri það hvorki íþyngjandi eða í grundvallarandstöðu við regluna um trú- og samviskufrelsi að krefjast þess að sannfæring hans hefði efnislegt lágmarksinntak. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að 9. gr. hefði ekki verið brotin.

Hvað varðaði 14. gr. um bann við mismunun, þá gæti hún aðeins komið til skoðunar, ef um ræddi réttindi féllu undir eitthvert efnisákvæða sáttmálans. Þar sem kærandi hefði ekki sýnt fram á að 9. gr. ætti við í málinu gæti ekki verið um brot á 14. gr. að ræða.